



TILFINNINGAR


Markmið:

Að nemendur þjálfist í orðaforða sem tengist líðan og útliti fólks. Að nemendur þjálfist skilning í gegnum hlustun. Paraverkefni. Hentar fyrir nemendur frá stigi tvö, t.d. sem viðbótarefni með kafla 5 „Áhugamál“ í *Íslenska fyrir alla 2*.

Pennan leik er hægt að útbúa sjálfur með mismunandi myndum til að æfa ólíkan orðaforða.

Aðferð:

- ▶ Tveir nemendur vinna saman.
- ▶ Nemendurnir eiga að sitja á móti hvor öðrum og hafa möppu eða tösku á milli sín svo þeir sjái ekki hvað hinn er að gera.
- ▶ Báðir nemendur fá myndaspjöld (klippt niður) og „kassablað“.
- ▶ Nemandi A raðar spjöldunum sínum í hvaða röð sem er á „kassablaðið“.
- ▶ Nemandi B sér ekki hvernig spjöldunum er raðað.
- ▶ **Markmið leiksins er að nemandi B raði myndunum í sömu röð og nemandi A.**
- ▶ Til að gera þetta verður nemandi A að lýsa myndunum fyrir nemanda B og nota orðaforða sem tengist líðan og útliti fólksins á myndunum.
- ▶ Þegar nemandi B hefur raðað myndunum rétt geta nemendurnir skipt um hlutverk – þ.e. nemandi B raðar fyrst myndunum og lýsir þeim síðan fyrir nemanda A sem raðar þeim í rétta röð.



1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12